

Reykjavík, 26. mars 2019

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
Skrifstofa orku, iðnaðar og viðskipta

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.
Millilandatengingar. Samráðsgátt mál S-99/2019**

Með frumvarpsdrögunum er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein við 9. gr. a í raforkulögum, sem fjallar um kerfisáætlun, þar sem kveðið er á um að tengingar raforkukerfisins við kerfi annars lands í gegnum sæstreng fari eftir stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Tilfni lagasetningarinnar er að tryggja að ekki sé vafi um það í lögum að Alþingi eigi lokaorði um það hvort af millilandatengingu verður eða ekki.

Samorka telur mjög jákvætt að umrætt ákvæði komi inn í raforkulögin og að þingsályktun um stefnustjórnvalda um uppbyggingu raforkukerfisins verði breytt eins og gert er ráð fyrir í greinargerð. Það er þá sjálfstæð ákvörðun hverju sinni hvort millilandatenging komi til álita og verði hluti af kerfisáætlun.

SAMORKA þakkar tækifærið til þess að koma að umsögn um málið og erum við að sjálfsögðu tilbúin til frekara samráðs um málið á síðari stigum.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllt,

f.h. Samorku

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur